

Þjóðarsáttmáli um læsi

Á haustdögum 2015 var undirritaður Þjóðarsáttmáli um læsi og voru það fulltrúar allra 74 sveitarfélaga landsins, ásamt menntamálaráðherra og fulltrúum Heimilis og skóla, sem undirrituðu sáttmálann. Verkefnið er hluti af aðgerðaráætlun í kjölfar [Hvítbókar mennta- og menningarmálaráðuneytisins um umbætur í menntun](#).

Markmið Þjóðarsáttmálans er að öll börn geti við lok grunnskóla lesið sér til gagns og að Þjóðarsáttmáli um læsi festist í sessi og verði hluti af almennu skólastarfi til framtíðar.

Við undirbúningsvinnu að Þjóðarsáttmálanum var höfð að leiðarljósi skilgreining á læsi frá The International Association for the Evaluation of Educational Achievement (IEA): „Læsi vísar til hæfninnar til að skilja og nota ritmál tungunnar í samræmi við kröfur samfélagsins og/eða óskir einstaklings. Í því felst að börn og ungmenni geti tileinkað sér ýmiss konar texta og lagt í hann þá merkingu. Þeir lesi til að læra, til að taka þátt í samfélagi lesenda í skóla og daglegu lífi og þeir lesi sér til ánægju.“

Samið hefur verið sérstaklega við Heimili og skóla – landssamtök foreldra um þeirra aðkomu að því að virkja foreldra í stuðningi við læsi barna sinna. Mikilvægt er að líta á nám sem samvinnuverkefni foreldra og skóla og að foreldrar og aðstandendur þurfa að vera virkir þátttakendur í námi barna sinna og fylgjast vel með framvindu og sýna áhuga.

Framlag mennta- og menningarmálaráðuneytisins verður í formi ráðgjafar, stuðnings, lesskimana og prófa og aukins samstarfs við foreldra. Eins og áður var nefnt skrifuðu öll sveitarfélög landsins undir Þjóðarsáttmála um læsi og leggur sáttmálinn ákveðna ábyrgð á hendur þeim sem fara með stjórn skólamála í hverju sveitarfélagi.